



# Router CM-R 19

7 620 320 032  
7 620 320 034 (NAFTA)



**BOSCH**

is Notkunarleiðbeiningar

Efnisyfirlit

2 Yfirlit yfir tækið

2 Stjórn tæki

3 LED-ljós

4 Mikilvægar leiðbeiningar

4 Fyrirhuguð notkun

4 CE-samþykki

4 NAFTA-útfærsla

4 Samræmisyfirlýsing birgis

4 Fyrir Bandaríkin (FCC)

4 Fyrir Mexíkó (NAFTA)

5 Fyrir Kanada (NAFTA)

5 Fyrir Bretland

5 Leiðbeiningar um uppsetningu

5 LTE-mótald

6 Kerfiskröfur

6 Tafarlaus ræsing

6 1. SIM-kort sett í tækið og það ræst

6 2. Tengingu komið á við tækið um þráðlaust staðarnet

7 3. Aðgangur að notendaviðmóti tækisins og uppsetning á netaðgangsstað fyrir farsíma

7 Internetbeinir

7 Efnisþjónn

7 Efni gert aðgengilegt úr USB-gagnaberum

7 Aðgangur í gegnum notendaviðmót tækisins

8 Aðgangur í gegnum UPnP

8 Textaskilaboð

8 Senda textaskilaboð

8 Lesa móttekin textaskilaboð

8 Staða tækis

8 Stillingar

8 Tungumál

9 Stillingar þráðlauss staðarnets

9 Stillingar farsímaferfis

9 Val á SIM-korti

9 Kjörstillingar mótalds

10 Kerfisstillingar

10 Stilling

10 Kerfisstillingar

10 Öryggisafrit/endurheimt grunnstillingar

10 Síun léna

11 Hugbúnaðaruppfærsla tækis

11 Upplýsingar um tæki

11 Útskráning


12 Tæknilegar upplýsingar

12 7 620 320 032

12 7 620 320 034

Yfirlit yfir tækið

Stjórn tæki



LED-Ljós

Aðgerð	LED-ljós	Staða LED-ljóss	Staða tækis
Aflgjafi	LED (8)	Grænt	Leiftrar og slökkt á rauða LED-ljósinu ef spennan er innan eðlilegra marka
		Blikkandi rautt	Slökkt er á græna LED-ljósinu og rauða LED-ljósið leiftrar ef spennan er of há eða of lág
		Rautt og logar	Villa í aflgjafa
Þráðlaust staðarnet	LED (7)	Slökkt	Slökkt er á LED-ljósunum þegar einingin endurræsir sig
		Rautt og logar	Slökkt er á Wi-Fi og Wi-Fi-villa er virk ef ekki tókst að ræsa Wi-Fi-aðgangsstaði
		Hratt blikkandi gult	Wi-Fi er stillt á að ljósið blikki hratt (með 182 ms millibili) þegar kveikt er á Wi-Fi
		Hratt blikkandi gult	Wi-Fi er stillt á að ljósið blikki hratt (með 66 ms millibili) meðan á gagnaflutningi með Wi-Fi stendur
		Hægt blikkandi gult	Wi-Fi er stillt á að ljósið blikki hægt (með 1 s millibili) þegar aðgangsstaðir hafa verið ræstir og eru í biðstöðu
Þráðlaus fjarskipti	LED (6)	Slökkt	Slökkt er á LED-ljósunum þegar einingin endurræsir sig eða þegar straumurinn er tekinn af mótaldinu
		Rautt og logar	LTE-villa
		Hratt blikkandi blátt	LTE er stillt á að ljósið blikki hratt (með 182 ms millibili) þegar straumur er á mótaldinu
		Hratt blikkandi blátt	LTE er stillt á að ljósið blikki hratt (með 66 ms millibili) þegar mótaldið er tengt og verið er að flytja gögn
		Hægt blikkandi blátt	LTE er stillt á að ljósið blikki hægt (með 1 s millibili) þegar mótaldið er tengt við internetið og er í biðstöðu
Staðarnet	LED (5)	Hægt blikkandi appelsínugult	LED-ljósið er stillt á að blikka hægt (með 1,5 s millibili) ef AETH1-tenging greinist, en annars er slökkt á því
		Logar rautt	Staðarnetsvilla

- 1 USB-A 3.0-tengi
- 2 SIM-kortalesari (2x)
- 3 Rennilok
- 4 USB-A 3.0-tengi
- 5 LED-ljós fyrir staðarnet
- 6 LED-ljós fyrir þráðlaus fjarskipti
- 7 LED-ljós fyrir Wi-Fi
- 8 LED-ljós fyrir aflgjafa

## Mikilvægar leiðbeiningar

Áður en þú byrjar að nota tækið skaltu lesa þessar leiðbeiningar vandlega og kynna þér tækið vel. Geymdu þessar leiðbeiningar í bílnum til að nota síðar. Sérhverjar breytingar eða lagfæringar sem ekki eru samþykktar með skýrum hætti af þeim aðila sem ber ábyrgð á reglufylgni gætu ógilt heimild notandans til að nota búnaðinn.

Router CM-R 19 er farsímaaðgangsstaður fyrir þráðlaust staðarnet fyrir rútur sem gerir farþegum kleift að tengja tækin sín við internetið og fá aðgang að hljóð-/myndefni úr öðrum tækjum í upplýsinga- og afþreyingarkerfi langferðabifreiðarinnar (einnig kallað CIs). Robert Bosch GmbH lýsir því hér með yfir að fjarskiptabúnaðurinn af gerðinni Router CM-R 19 samræmist tilskipun 2014/53/ESB. Finna má ESB-samræmisfirlýsinguna í heild sinni á vefsvæðinu hér á eftir. Öryggisleiðbeiningar sem eiga við um tækið er að finna í notkunarleiðbeiningum tækisins. Hægt er að hlaða niður notkunarleiðbeiningum og samræmisfirlýsingunni fyrir tækið á netinu á [www.bosch-professional-systems.com](http://www.bosch-professional-systems.com)

### Fyrirhuguð notkun

Tækið er hannað til notkunar í atvinnuökutækni með 12 V eða 24 V rafkerfi.

### CE-samþykki

Router CM-R 19 var prófaður í samræmi við kröfur samkvæmt reglum Evrópusambandsins (ESB) samkvæmt tilskipun 2014/53/ESB og uppfyllir allar kröfur fyrir CE-merkið.

### NAFTA-útfærsla

#### Samræmisfirlýsing birgis

47 CFR § 2.1077 compliance information  
Unique identifier: Router CM-R 19  
Responsible party – U.S. contact information  
Robert Bosch LLC  
15000 Haggerty Road  
Plymouth, MI 48170  
Telephone +1 734 979-3000  
Email [Russell.Strawsine@us.bosch.com](mailto:Russell.Strawsine@us.bosch.com)  
[www.bosch.us](http://www.bosch.us)

#### Fyrir Bandaríkin (FCC)

**Model name: Router CM-R 19**

**Contains FCC ID: XMR201906EM06A +  
TK4WLE900VX**

This device complies with part 15 of the FCC rules.

Operation is subject to the following two conditions:

- (1) This device must not cause harmful interference.
  - (2) This device must accept any interference received, including interference that may cause undesired operation.
- Any changes or modifications made to this equipment that are not expressly approved by Robert Bosch GmbH may void the FCC authorisation to operate this equipment.

FCC caution:

- (1) Exposure to radio frequency radiation.

This equipment must be installed and operated in accordance with the provided instructions, and the antenna(s) used for this transmitter must be installed such that a separation distance of at least 20 cm is maintained from all persons. Moreover, the equipment must not be collocated or operated in conjunction with any other antenna or transmitter.

- (2) Any changes or modifications not expressly approved by the responsible party could void the user's authority to operate the equipment.
- (3) This transmitter must not be collocated or operated in conjunction with any other antenna or transmitter.
- (4) Any changes or modifications to this unit that are not expressly approved by the party responsible for compliance could void the user's authority to operate the equipment.

RF exposure warning: This equipment complies with FCC radiation exposure limits set forth for an uncontrolled environment.

#### Fyrir Mexíkó (NAFTA)

**IFT: ROBOR022-24635**

**Marca: BOSCH**

**Modelo: Router CM-R 19**

La operación de este equipo está sujeta a las siguientes dos condiciones:

- (1) este equipo no puede causar interferencias perjudiciales y
- (2) este equipo debe aceptar cualquier interferencia recibida, incluyendo las que puedan causar un funcionamiento no deseado.

**Fyrir Kanada (NAFTA)****Model name: Router CM-R 19****Contains IC: 10224A-201906EM06A + 7849A-WLE900VX**

This device contains licence-exempt transmitter(s)/ receiver(s) that comply with Innovation, Science and Economic Development Canada's licence-exempt RSS(s). Operation is subject to the following two conditions:

- (1) This device must not cause harmful interference.
- (2) This device must accept any interference received, including interference that may cause undesired operation.

RF exposure information:

This equipment complies with Canada radiation exposure limits set forth for an uncontrolled environment. This equipment should be installed and operated with a minimum distance of 20 cm between the radiator and your body.

Déclaration d'exposition aux radiofréquences :  
Cet équipement est conforme aux limites canadiennes d'exposition aux rayonnements établies pour un environnement non contrôlé. Cet équipement doit être installé et utilisé avec une distance d'au moins 20 cm entre la source de rayonnement et votre corps.

**Fyrir Bretland**

Robert Bosch GmbH hereby declares that the radio equipment type Router CM-R 19 is in compliance with the relevant statutory requirements. The full text of the declaration of conformity is available at the following internet address:  
[www.bosch-professional-systems.com](http://www.bosch-professional-systems.com)

**Umferðaröryggi**

- ▶ Umferðaröryggi er forgangsmatríði. Notaðu tækið aðeins þegar bíllinn er kyrrstæður. Ef nauðsynlegt er að nota tækið á ferðalagi skal finna öruggt bílastæði og leggja bílnum.
- ▶ Viðvörðunarljóðmerki frá lögreglu, slökkviliði og björgunarbjórnustu verða að heyrast greinilega í bílnum öllum stundum. Því skal tryggja að efni sé spilað á hæfilegum hljóðstyrk.
- ▶ Þegar þú ekur bílnum skaltu tryggja að tækið, tengdu loftnetin eða kaplarnir hafi ekki áhrif á þig og að útsýni sé óskert.

**Rafsegultruflanir**

Notaðu ekki tækið á svæði þar sem lækningatæki, björgunarbúnaður eða annar búnaður sem er viðkvæmur fyrir rafsegultruflunum er í notkun.

**Athugasemd:**

Ekki má nota loftnet fyrir þráðlaus fjarskipti í nágrenni annarra loftneta. Loftnet fyrir þráðlaus fjarskipti verður að vera að minnsta kosti 2 cm frá málmlutun og 20 cm frá fólki og dýrum. Rétt staðsetning loftnetsins í bílnum hefur mikil áhrif á gæði tengingarinnar.

**Athugasemd:**

Til að koma á nettengingu þarf farsímaáskrift með inniföldu gagnamagni. Sendingarhraðinn er undir innviðum viðkomandi rekstraraðila netkerfis, sendistyrk hverju sinni og fjölda notenda á farsímakerfinu kominn. Tækið er ekki með SIM-lás og því er hægt að nota það með öllum SIM-kortum með gagnaáskrift.

**Leiðbeiningar um uppsetningu****LTE-mótald**

1. Til að minnka slysaþættu verður að gefa akstrinum fullan gaum allan akurstímann. Notkun farsíma við akstur (jafnvel með handfrjálsum búnaði) veldur truflun og slys geta hlotist af því. Farðu eftir lögum og reglum sem takmarka notkun þráðlausra tækja við akstur.
2. Til að koma í veg fyrir truflanir á fjarskiptakerfum er notkun tækisins um borð í flugvéllum bönnuð.
3. Þar sem þráðlaus tæki geta valdið truflunum á viðkvæmum lækningatækjum skal fara eftir takmörkunum sem gilda um notkun þráðlausra tækja á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og öðrum heilbrigðisstofnunum.
4. Þráðlausar fjarskiptastöðvar eða farsímar sem nota útvarpsbylgjur og farsímanet geta hugsanlega ekki tengst við tiltekin skilyrði, til dæmis ef um er að ræða ógreiddan farsímareikning eða ógilt (U)SIM-kort. Ef þörf er fyrir neyðaráðstoð við slík skilyrði skaltu nota neyðarsímtalseiginleikann þegar tækið styður hann. Til að hringja eða taka á móti símtali verður að vera kveikt á þráðlausu fjarskiptastöðinni eða farsímanum á þjónustusvæði með fullnægjandi sendistyrk. Ef neyðarástand skapast er ekki hægt að

nota tækið með neydarsímtalseiginleikann sem einu samskiptaaðferðina þar sem ekki er hægt að tryggja virka nettengingu í öllum tilvikum.

5. Tækið inniheldur sendivíðtæki. Þegar kveikt er á því tekur það á móti og sendir útvarpsmerki. Trúflanir kunna að verða ef það er notað nálægt sjónvarpstækjum, útvörpum, tölvum eða öðrum rafbúnaði.
6. Á sprengifimum stöðum eða sprengihættustöðum skal fara að öllum birtum fyrirmælum og slökkva á þráðlausum tækjum á borð við farsíma eða aðrar þráðlausar fjarskiptastöðvar. Sprengifim svæði eða sprengihættustaðir eru meðal annars eldsneytisáfyllingarsvæði, neðan þilfars um borð í bátum og skipum, geymslu- eða flutningsstaðir eldsneytis eða efna og svæði þar sem efni eða agnir á borð við korn, ryk eða málmduft eru í lofti.



### Hugsanlegt skammhlaup eða eldur

Ef yfirálág er á rafmagnssnúru tækisins getur það valdið skammhlaupi eða eldi. Til að koma í veg fyrir yfirálág skal setja upp öryggi með hámarksstraum sem nemur 3 A á efri hluta rafmagnssnúrana sem liggja bæði í tengi 15 og tengi 30. Við mælum sterklega með því að tækið sé sett upp á viðeigandi sérfræðiverkstæði.



### Athugasemd:

Samkvæmt 3. lið 2. mgr. 1. gr. í ElektroStoffV fellur Router CM-R 19 ekki undir ElektroStoffV (þýska reglugerð um takmörkun á notkun hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði).

- Nota verður tækið í ökutækjum sem eru samþykkt til farþegaflutninga.
- Setja þarf tækið upp innan í ökutækinu.
- Setja þarf tækið upp utan farþegarymisins (e. cabin), t.d. í ökumannsrýminu (e. cockpit) eða á þjónustusvæði.
- Setja verður tækið upp að minnsta kosti 20 cm frá fólki og dýrum.
- Tækinu verður að koma fyrir á traustu, láréttu yfirborði.
- Uppsetningarstaður tækisins má ekki verða fyrir áhrifum hita, vökva eða titrings.
- Uppsetningarstaður tækisins skal bjóða upp á nægilegt rými fyrir tengiklær.
- Eftir að tækið hefur verið sett upp þarf að festa tengikapla þannig að ekkert átak komi á klárnar.

- Hafðu í huga að hámarks lengd tengikapla með 0,75 mm<sup>2</sup> þversnið er 10 m.
- Aðeins skal nota tækið með tilgreindum LTE/GPS-loftnetum.
- Einungis má nota tækið innan ákveðins hita- og rakasviðs.

Frekari upplýsingar um samsetningu og tengingu tækisins er að finna í kaflanum "Teikningar af uppsetningu" aftast í þessari handbók.

## Kerfiskröfur

Til að fá aðgang að tækinu þarf tölvu með eftirfarandi:

- Vafra (Internet Explorer 6.0 eða nýrri, Firefox, Opera eða Safari)
- WLAN 802.11 a/b/g/n/ac.

## Tafarlaus ræsing

### 1. SIM-kort sett í tækið og það ræst

- Settu SIM-kort í SIM-kortaraufina (2) með snerturnar niður og skáhornið í átt að tækinu.
- Svissaðu á.

Beinirinn ræstist. LED-ljós aflgjafans 8 kviknar.



### Athugasemd:

Með því að nota annað SIM-kort frá heppilegum rekstraraðila geturðu lækkað eða sloppið við reikikostnað sem kann að skapast þegar ekið er á milli landa. Skipt er sjálfkrafa á milli SIM-kortanna tveggja.

### 2. Tengingu komið á við tækið um þráðlaust staðarnet



### Athugasemd:

Til að koma á tengingu við þráðlaust staðarnet þarftu SSID (heiti nets) og aðgangsorð tækisins fyrir þráðlaust staðarnet. SSID og aðgangsorð fyrir þráðlaust staðarnet eru sett upp í verksmiðju. Þú finnur þessar upplýsingar á merkimiða tækisins.

- Notaðu forrit fyrir tengingu við þráðlaust staðarnet í tölvunni til að finna net tækisins gegnum SSID þess.
- Tengdu tölvuna við netið með því að nota aðgangsorðið fyrir þráðlaust staðarnet.

### 3. Aðgangur að notendaviðmóti tækisins og uppsetning á netaðgangsstað fyrir farsíma

- Opnaðu vafraun í tölvunni og sláðu inn þetta veffang: <http://bosch.router.admin>

Vefþjónn tækisins biður þig þá um að slá inn PIN-númer SIM-kortsins.

- Færðu PIN-númer SIM-kortsins inn og smelltu á **Save** (vista).

APN-snið (APN = heiti aðgangsstaðar) farsímafyrirtækisins þíns fyrir internetaðgang er valið sjálfkrafa.



#### Athugasemdir:

- APN-sniðið inniheldur allar upplýsingarnar sem krafist er til að koma á internet-tengingu í gegnum farsímafyrirtækið.
- Þú getur líka valið APN-snið úr fellivalmyndinni.
- Ef tækið kannast ekki við farsímafyrirtækið þitt eða APN-sniðið sem óskað er geturðu breytt þessari stillingu í valmyndaratríðinu *Settings/Internet* (stillingar/internet) (sjá kaflann "Stillingar", hlutann "Stillingar fyrir internettengingu", valkostinn *Access point name (APN)* (heiti aðgangsstaðar) (APN)). Ef svo ber undir geturðu beðið farsímafyrirtækið um rétt APN-snið.

- Smelltu á **Apply** (nota).

Upphafsskjár vefþjóns tækisins birtist.



#### Athugasemd:

Þú getur breytt APN-sniðinu seinna undir valmyndaratríðinu *Settings/Internet* (stillingar/internet) (sjá kaflann "Stillingar", hlutann "Stillingar fyrir internettengingu", valkostinn *Access point name (APN)* (heiti aðgangsstaðar) (APN)).

Tækið er núna með netaðgang fyrir farsíma.

LED-ljósið fyrir þráðlaus fjarskipti 6/7 kviknar.



#### Athugasemdir:

- Öllum uppsetningarstillingum tækisins er lýst í kaflanum "Stillingar".
- Sjálfgefið er slökkt á reiki. Þú getur kveikt á reiki undir valmyndaratríðinu *Settings/Internet* (stillingar/internet) (sjá kaflann "Stillingar", hlutann "Stillingar fyrir internet-tengingu", valkostinn *Roaming* (reiki)).

## Internetbeinir

Til að nota Router CM-R 19 sem internetbeini tengirðu einfaldlega tækið þitt við Router CM-R 19 gegnum þráðlaust staðarnet (sjá kaflann "Tafarlaus ræsing", hlutann "2. Tengingu komið á við tækið gegnum þráðlaust staðarnet").

## Efnisþjónn

Nota má tækið sem efnisþjónn á þráðlausa staðarnetinu til þess að gera efni tiltækt fyrir tæki gegnum þráðlaust staðarnet.

### Efni gert aðgengilegt úr USB-gagnabærum

- Tengdu USB-gagnabæra með efnisskránum sem nota á við annað af USB-tengjunum tveimur að framan (1) eða (4).



#### Athugasemd:

Fyrir efni sem er varið með stafrænum réttindum (DRM) skaltu nota USB-tengi (1).

### Aðgangur í gegnum notendaviðmót tækisins

- Ef nauðsyn krefur skaltu koma á þráðlausri staðarnetstengingu úr tækinu þínu í Router CM-R 19 (sjá kaflann "Tafarlaus ræsing", hlutann "2. Tengingu komið á við tækið gegnum þráðlaust staðarnet").
- Opnaðu vafraun í tækinu og sláðu inn þetta veffang: <http://bosch.router>

Yfirlitssíðan birtist.



#### Athugasemdir:

- Ef aðgangur að öllu notendaviðmóti tækisins er varinn með aðgangsorði verður beðið um að þú sláir inn aðgangsorð (sjá kaflann "Stillingar", hlutann "Kerfisstillingar", valkostinn *Password protection* (aðgangsorðsvörn)).
- Þú getur valið tungumál notendaviðmóts efst til hægri á aðalvalmyndarstikunni.

- Smelltu á valmyndaratríðið *Media server* (efnisþjónn).

Tiltækar efnismöppur gagnamiðilsins eru birtar.

- Smelltu á möppu til að opna hana.

Efnisskrár í boði eru birtar.

**Athugasemd:**

Þú getur breytt röðun efnisskrána á listanum með því að smella á viðeigandi dálkfyrirsögn, t.d. titil eða dagsetningu.

- ▶ Smelltu á heiti skráar til að spila eða skoða hana.

**Athugasemd:**

Vafri tækisins þíns gæti þurft viðeigandi viðbætur til að birta tiltekin skráasnið.

- ▶ Stjórnaðu spilun með hnöppunum:  
[prev] Fyrri lag  
[next] Næsta lag  
[back] Aftur í lista  
[aust] Kveikja/slökva á sjálfvirkri spilun á næsta lagi (ekki fyrir myndaskrár)  
[aupl] Kveikja/slökva á sjálfvirkri spilun á lagi þegar það er valið (ekki fyrir myndaskrár)

**Aðgangur í gegnum UPnP**

- ▶ Ef nauðsyn krefur skaltu koma á þráðlausri staðarnetstengingu úr tækinu þínu í Router CM-R 19 (sjá kaflann "Tafarlaus ræsing", hlutann "2. Tengingu komið á við tækið gegnum þráðlaust staðarnet").
- ▶ Opnaðu viðeigandi UPnP-forrit í tækinu þínu.
- ▶ Opnaðu efnisskrárnar gegnum heiti netkerfis tækisins.

**Textaskilaboð**

Þú getur tekið á móti og sent SMS-skilaboð með því að nota valið SIM-kort.

**Senda textaskilaboð**

- ▶ Veldu valmyndaratriðið *Messages* (skilaboð).
- ▶ Í hlutanum *Send message* (senda skilaboð) skaltu slá inn símanúmer viðtakandans og skilaboðin sem þú vilt senda.

**Athugasemd:**

Þegar símanúmerið er slegið inn skal aðeins nota tölustafi (t.d. "00" í staðinn fyrir "+") þegar slá á inn alþjóðlegt símanúmer.

- ▶ Smelltu á *Send* (senda).

**Lesið móttekin textaskilaboð**

- ▶ Veldu valmyndaratriðið *Messages* (skilaboð).

Móttekin textaskilaboð eru birt í hlutanum *Received messages*.

**Staða tækis**

Til að skoða stöðu tækisins:

- ▶ Veldu valmyndaratriðið "Status" (staða) og eitt af eftirfarandi undirvalmyndaratriðum:
  - ▶ Modem status (staða mótdáls)
  - ▶ WLAN status (staða þráðlauss staðarnets)
  - ▶ Device status (staða tækis)

Viðeigandi upplýsingar birtast.

**Stillingar**

Á valmyndinni *Settings* (stillingar) geturðu stillt tækið, þráðlausa staðarnetstengingu og farsímanetstengingu.

- ▶ Ef nauðsyn krefur skaltu koma á þráðlausri staðarnetstengingu úr tækinu þínu í Router CM-R 19 (sjá kaflann "Tafarlaus ræsing", hlutann "2. Tengingu komið á við tækið um þráðlaust staðarnet").
- ▶ Opnaðu vafraðinn í tækinu og sláðu inn þetta veffang: <http://bosch.router.admin>

Stillingavalmyndin er varin með aðgangsorði.

Sjálfgefið aðgangsorð er tilgreint á vörumiðanum á Router CM-R 19 (UI admin password).

- ▶ Sláðu inn aðgangsorðið og smelltu á **Login** (skrá inn).

**Athugasemdir:**

- ▶ Af öryggisástæðum ertu skráð(ur) út sjálfkrafa þegar ekkert hefur verið gert í tiltekinn tíma. Þá verður beðið um að þú sláir aðgangsorðið inn aftur.
- ▶ Af öryggisástæðum ættirðu að skipta sjálfgefna aðgangsorðinu út fyrir þitt eigið aðgangsorð. Þú getur breytt aðgangsorðinu undir valmyndaratriðinu "Settings/System" (stillingar/kerfi).
- ▶ Undir valmyndaratriðinu "Settings/System" (stillingar/kerfi) geturðu látið aðgangsorðaverndina ná til allra síðna á vefþjóni tækisins og þar með verndað allt notendaviðmót tækisins fyrir óheimilum aðgangi.

**Tungumál**

Þú getur valið tungumál notendaviðmóts efst til hægri á aðalvalmyndarstikunni.



## Stillingar þráðlauss staðarnets

- Veldu valmyndaratriðið *Settings/WLAN* (stillingar/þráðlaust staðarnet).

Finna má eftirfarandi stillingar í stillingaglugganum fyrir *WLAN* (þráðlaust staðarnet):

- **Region** (svæði)  
Hér er hægt að velja svæðið þar sem tækið verður notað.

Fyrir stillingar stjórnanda- eða farþegaviðmóts:

- Veldu <admin site> (stjórnandaviðmót) eða <passenger site> (farþegaviðmót) fyrst.

Þú sérð eftirfarandi stillingar fyrir <admin site> (stjórnandaviðmót) og <passenger site> (farþegaviðmót) eftir því sem við á:

- **Network name (SSID)** (netheiti)  
SSID (service set identifier) er netheiti tækisins á þráðlausa staðarnetinu og er forstillt á "Router CM-R 19".  
Þú getur fært inn eigið netheiti, sem getur verið allt að 32 stafir.
- **Hide SSID** (fela SSID)  
Sé þessi kostur virkjaður er þráðlaust staðarnet tækisins ekki sýnilegt öðrum staðarnetstækjum.
- **Encryption** (dulkóðun)  
Hérna geturðu valið dulkóðunaraðferð fyrir gagnaumferðina um þráðlausa staðarnetið milli Router CM-R 19 og tækjanna (*WPA*, *WPA2*, *WPA*, and *WPA2 mixed*) (og blandað *WPA2*) eða slökkt á dulkóðun (*Open*) (Ópið). Dulkóðuð gagnaumferð kemur í veg fyrir óheimilan aðgang að gögnunum sem eru send og móttakin.
- **Network key/re-enter key**  
(aðgangsorð nets / slá aðgangsorð inn aftur)  
Gagnaumferðin um þráðlausa staðarnetið (sjá fyrri lið) er dulkóðuð með þessu aðgangsorði. Slá verður aðgangsorðið inn í tækinu þegar þráðlausa staðarnetstengingunni er komið á. Aðgangsorðið sem forstillt er í verksmiðju er að finna undir tækinu. Hægt er að tilgreina eigið aðgangsorð sem getur verið allt að 63 stafir.

## Stillingar farsímakerfis

- Veldu valmyndaratriðið *Settings/Mobile network* (stillingar/farsímakerfi).

Finna má eftirfarandi stillingar á valmyndinni *Mobile network* (farsímakerfi):

### SIM card selection (val á SIM-korti)

- **SIM card in use** (SIM-kort í notkun)  
Sýnir SIM-kortið sem er í notkun.
- **Selected SIM** (valið SIM-kort)  
Veldu SIM-kortið sem á að nota hér. Með sjálfvirkur stillingunni velur tækið sjálfkrafa heppilegt SIM-kort.

### Modem preferences (kjörstillingar mótdáls)

Hægt er að velja eftirfarandi stillingar fyrir bæði SIM-kortin:

- **Current PIN** (núverandi PIN-númer)  
Birtir gilt PIN-númer fyrir SIM-kortið.
- **Roaming** (reiki)  
Hér er hægt að stilla hvort kveikt eða slökkt eigi að vera á reiki. Þegar kveikt er á reiki getur tækið tengst erlendum netum utan heimanetsins (t.d. í útlöndum). Athugaðu: Reiki felur í sér viðbótarkostnað.
- **Min. RAT generation**  
(myndun lágmarksstaðals þráðlausra fjarskipta)  
Veldu staðal þráðlausra fjarskipta sem ætti að styðja að lágmarki.
- **Cnt pass ep**  
(sekúndur).
- **Country list type** (gerð landalista)  
Veldu viðeigandi lönd á landalistann hér. Athugaðu hvaða gerð landalista er valin.
  - Blacklist (bannlisti): nettengingu er ekki komið á í völdum löndum.
  - Whitelist (undanþágulisti): nettengingu er eingöngu komið á í völdum löndum.
- **Country list** (landalisti)  
Veldu viðeigandi lönd á landalistann hér. Athugaðu hvaða gerð landalista er valin.
- **Network profile candidates** (möguleg netsnið)  
Veldu viðeigandi netsnið hér.
- **SIM profile name** (heiti SIM-sniðs)  
Stillingunum fyrir SIM-kortið er sjálfgefið stjórnað undir heiti farsímafyrirtækisins. Þú getur breytt heiti tengingarinnar.
- **Access point name (APN)**  
(heiti aðgangsstaðar (APN))  
Settu inn heiti APN-sniðs farsímafyrirtækisins hér. APN-sniðið hefur að geyma nauðsynlegar upplýsingar fyrir nettenginguna og gerir tækinu kleift að

tengjast sjálfkrafa. Þú þarft aðeins að slá inn PIN-númer SIM-kortsins þegar það er nauðsynlegt (t.d. þegar tengingunni er komið á í fyrsta skipti).

- ▶ **Authentication type** (gerð sannvottunar)  
Ef notandanafn og aðgangsorð er krafist skal setja sannvottunaraðferðina (engin, PAP, CHAP) inn hér.
- ▶ **User name/password** (notandanafn/aðgangsorð)  
Ef farsímafyrirtækið gerir það að skilyrði skaltu setja notandanafn og aðgangsorð fyrir nettenginguna inn hér.
- ▶ **DNS1/2**  
Ef heitum DNS-þjóna er ekki sjálfkrafa úthlutað er hægt að færa þau inn hér.
- ▶ **Rename SIM slots** (endurnefna SIM-raufar)  
Hér er hægt að breyta heitunum sem tækið notar til að stjórna SIM-raufunum tveimur.
- ▶ **Núllstilling gagnateljara (tölfræði mótalds)**  
Þessi stilling núllstillir upphlaðið/sótt gagnamagn mótaldsins sem kemur fram á yfirlitssíðunni og síðunni fyrir stöðu mótaldsins.

## Kerfisstillingar

- ▶ Veldu valmyndaratríðið *Settings/System* (stillingar/kerfi).

Finna má eftirfarandi stillingar í stillingaglugganum fyrir *System* (kerfi):

### Adjustment (stilling)

- ▶ **Enable 'Premium content' link**  
(virkja tengil í tengt efni)  
Hér geturðu gert tengil í tengt efni virkan eða óvirkan.
- ▶ **Admin/passenger language**  
(tungumál stjórnanda/farþega)  
Hér geturðu stillt sjálfgefið tungumál fyrir stjórnanda- og farþegaviðmót.
- ▶ **Custom logo** (sérstilla lógó)  
Hér geturðu valið myndaskrá með sérstöku lógói viðskiptavinar sem birtist í viðmótinu í stað Bosch-lógósins.

### System settings (kerfisstillingar)

- ▶ **Change admin password**  
(breyta aðgangsorði stjórnanda)  
Færðu inn gildandi aðgangsorð og eftir það nýtt aðgangsorð til að fá aðgang að stillingavalmyndinni eða notendaviðmótinu í heild (sjá næsta lið).

Sjálfgefna aðgangsorðið er tilgreint á vörumiða Router CM-R 19 (UI admin password).

- ▶ **Protected area** (varið svæði)  
Hér geturðu stillt hvort aðgangsorðavörnin á að gilda eingöngu um valmyndina *Settings* (stillingar) (valkosturinn *Settings only* (eingöngu stillingar)) eða um allt notendaviðmót tækisins (valkosturinn *All pages* (allar síður)).
- ▶ **Theft protection** (þjófavörn)  
Hér geturðu gert þjófavörnina virka eða óvirka með tölvupósti eða SMS. Þegar þjófavörn er virk er tölvupóstur eða textaskilaboð með staðsetningu tækisins send í hvert sinn sem kveikt og slökkt er á tækinu.  
Þegar þú kveikir á þjófavörninni skaltu slá inn netfangið eða símanúmerið sem senda skal skilaboðin í.
- ▶ **Device mode** (stilling tækis)  
Stilltu hér hvort nota á tækið eitt og sér í stillingu fyrir stakt tæki eða sem hluta af upplýsinga- og afþreyingarkerfi langferðabifreiðar (CIs).
- ▶ **Voltage mode** (spennustilling)  
Stilltu hér hvort nota á tækið með 12 V eða 24 V spennu.
- ▶ **Shutdown delay** (töf á stöðvun)  
Færðu hér inn hversu lengi á að vera kveikt á tækinu og það virkt eftir að svissað er af.

### Backup/restore configuration

(öryggisafrit/endurheimt grunnstillingar)

- ▶ **Backup** (öryggisafrit)  
Hér sést hvort þegar er til öryggisafrit af grunnstillingu tækisins.
- ▶ **Backup status** (staða öryggisafritunar)  
Staða öryggisafritunar í gangi er sýnd hér.
- ▶ **New backup request** (beiðni um nýtt öryggisafrit)  
Hér geturðu gert nýtt öryggisafrit af grunnstillingu tækisins.
- ▶ **Restore** (endurheimt)  
Hér sést hvort grunnstilling tækisins hefur þegar verið endurheimt.
- ▶ **Restore status** (staða endurheimtar)  
Staða endurheimtar í gangi er sýnd hér.
- ▶ **Start recovery** (hefja endurheimt)  
Hér geturðu hafið endurheimt grunnstillingar tækisins.

## Síun léna

Hægt er að takmarka aðgang að tilteknum lénnum eða útlitla aðgang að tilteknum lénnum.

- Veldu valmyndaratriðið *Settings/Domain filtering* (stillingar/síun léna).

Finna má eftirfarandi stillingar á valmyndinni *Domain filtering* (síun léna):

- **Enable filtering** (virkja síun)  
Hér geturðu gert notkun síunnar virka eða óvirka.
- **Filtering mode** (stilling síunar)  
Hér er hægt að velja tegund sínu:
  - **Blacklist** (bannlisti): Ekki fæst aðgangur að lénnum á bannlista.
  - **Whitelist** (undanpágulisti): Aðeins fæst aðgangur að lénnum á undanpágulista.
- **Blacklisted domains** (lén á bannlista)  
Færðu inn lén sem ekki má fá aðgang að hér.
- **Whitelisted domains** (lén á undanpágulista)  
Færðu inn lén sem aðgangur er leyfður að hér.

## Hugbúnaðaruppfærsla tækis



### Athugasemd:

Þessi valkostur er aðeins í boði þegar tækið er notað sem **standalone mode** (sjálfstæð eining).

Í **Cls mode** (Cls-stillingu) verður hugbúnaðaruppfærsla Router CM-R 19 hluti af kerfisuppfærslu Cls-kerfisins.

Áður en uppfærsla á hugbúnaði hefst ættirðu að kynna þér hvaða útgáfa er í notkun og bera hana saman við útgáfuna í niðurhalsgáttinni.

Ef ekki er um sömu útgáfu að ræða skaltu hefja hugbúnaðaruppfærsluna. Bosch býður upp á hugbúnaðaruppfærslur í netgáttinni ([www.bosch-professional-systems.com](http://www.bosch-professional-systems.com)) á meðan uppfærslubjónusta vörunnar er í gildi.

- Veldu valmyndaratriðið *Settings/Update* (stillingar/uppfærsla).
- **Software version** (hugbúnaðarútgáfa)  
Hugbúnaðarútgáfa tækisins er sýnd hér.
- **Firmware update** (uppfærsla á fastbúnaði)  
Ef uppfærsluskrá er vistuð í tölvu sem er tengd við tækið skaltu smella á **Choose file...** (velja skrá...)

til að velja uppfærsluskrána og smella svo á **Load** (hlaða) til að setja nýja hugbúnaðinn upp.

## Upplýsingar um tæki

- Veldu valmyndaratriðið *Settings/Device information* (stillingar/upplýsingar um tæki).

Hér er hægt að sjá upplýsingar um tækið, t.d. núverandi hugbúnaðar- og vélbúnaðarútgáfu auk raðnúmersins.

## Útskráning

Til að læsa valmyndinni *Settings* (stillingar) eða öllu notendaviðmóti tækisins:

- Veldu valmyndaratriðið *Settings/Logout* (stillingar/útskráning).

Upphafsskjárin eða skjárin til að slá inn aðgangsorð kemur upp.



### Athugasemd:

Valmyndinni *Settings* (stillingar) eða öllu notendaviðmóti tækisins er læst sjálfkrafa ef ekkert er gert í lengri tíma.

## Endurstíllt á verksmiðjustillingar:

Hægt er að endurstílla á verksmiðjustillingar með því að stínga litlu verkfæri inn í gatið við hliðina á USB-tenginu (1) í að minnsta kosti 40 sekúndur.

# Tæknilegar upplýsingar

## 7 620 320 032

Aflgjafi	12 V / 24 V (8 V til 36 V)
Stráumnotkun	
Hámarksstraumur	12 V: 2 A 24 V: 1 A
Straumur í bið	< 150 µA
Öryggi	5 A
Staðlar fyrir	
þráðlaust staðarnet	IEEE 802.11a/b/g/n/ac
Staðlar fyrir	
þráðlaus fjarskipti	UMTS/DC-HSPA+, WCDMA, LTE-FDD, LTE-TDD
LTE FDD	B1, B3, B7, B8, B20, B28, B32
LTE TDD	B38, B40
Altæka farsímakerfið (UMTS)	B1, B3, B8
Staðsetning	GPS, Glonass, Galileo, Beidou
Loftnetstengi	LTE (2x FAKRA D, vínrautt), GPS (FAKRA C, blátt)
Loftnet fyrir	
þráðlaust staðarnet	Innra
Tíðni þráðlauss	
staðarnets	2,4 GHz, 5 GHz
Dulkóðun	WPA2 (AES)
Uppfærsla	
á fastbúnaði	Sjálfstæð eining: handvirk með USB-lykli ClS-stilling: um kerfi
Endurstilling	Núllstilling
Varnarflokkun	DIN 40050-9 til IP40
Vinnsluhiti	-20 °C til +70 °C
Geymsluhiti	-40 °C til +85 °C
Rakastig	25% til 75% án þéttingar
Mál (B x H x D)	226,9 x 61,5 x 206,9 mm
Þyngd	Um 1.267 g
Vottanir	CE, UKCA, UN ECE R10, UN ECE R118, Ísrael og Serbía

## 7 620 320 034

Aflgjafi	12 V / 24 V (8 V til 36 V)
Stráumnotkun	
Hámarksstraumur	12 V: 2 A 24 V: 1 A
Straumur í bið	< 150 µA
Öryggi	5 A
Staðlar fyrir	
þráðlaust staðarnet	IEEE 802.11a/b/g/n/ac
Staðlar fyrir	
þráðlaus fjarskipti	LTE-FDD, LTE-TDD, WCDMA
LTE FDD	B2, B4, B5, B7, B12, B13, B25, B26, B29, B66
LTE TDD	B41
WCDMA	B2, B4, B5
Staðsetning	GPS, Galileo
Loftnetstengi	LTE (2x FAKRA D, vínrautt), GPS (FAKRA C, blátt)
Loftnet fyrir	
þráðlaust staðarnet	Innra
Tíðni þráðlauss	
staðarnets	2,4 GHz, 5 GHz
Dulkóðun	WPA2 (AES)
Uppfærsla	
á fastbúnaði	Sjálfstæð eining: handvirk með USB-lykli ClS-stilling: um kerfi
Endurstilling	Núllstilling
Varnarflokkun	DIN 40050-9 til IP40
Vinnsluhiti	-20 °C til +70 °C
Geymsluhiti	-40 °C til +85 °C
Rakastig	25% til 75% án þéttingar
Mál (B x H x D)	226,9 x 61,5 x 206,9 mm
Þyngd	Um 1.267 g
Vottanir	FCC/IC, NOM, IFT, FMVSS 302, PTCRB, AT&T

Tækni	Vöruútgáfa	Tíðnisvið	Útgeislun
Þráðlaust staðarnet 2,4 GHz	7 620 320 032	2,400 GHz til 2,4835 GHz	20 dBm
	7 620 320 034	2,400 GHz til 2,4835 GHz	23 dBm
Þráðlaust staðarnet 5 GHz	7 620 320 032	5,150 GHz til 5,250 GHz	16 dBm
	7 620 320 034	5,150 GHz til 5,250 GHz	11,8 dBm
		5,250 GHz til 5,350 GHz	11,8 dBm
		5,470 GHz til 5,600 GHz	24,0 dBm
		5,650 GHz til 5,725 GHz	24,0 dBm
Mótald fyrir þráðlaus fjarskipti	7 620 320 032/034	LTE-FDD tíðnir	23 dBm
		LTE-TDD tíðnir	23 dBm
		WCDMA-tíðnir	24 dBm

LTE-loftnet		
Tíðnisvið	Mesta mögnun	Tegund
617 til 960 MHz	5 dBi	Ytra
1.710 til 3.800 MHz	9 dBi	
4.900 til 6.000 MHz	10 dBi	

GPS-/GNSS-loftnet		
Tíðnisvið	Mögnun: LNA	Tegund
1.562 til 1.612 MHz	26 dB	Ytra

Loftnet fyrir þráðlaust staðarnet		
Tíðnisvið	Mesta mögnun	Tegund
2,400 til 2,485 GHz	3,6 dBi	Innra
5,150 til 5,825 GHz	5,1 dBi	